



# Björgunarsveitin Kjölur

## Lög Sveitarinnar

### 1. grein

Heiti sveitarinnar og aðsetur.

Sveitin heitir Björgunarsveitin Kjölur, lögheimili þess og varnarþing er á Kjalarnesi.

### 2. grein

Markmið.

Hlutverk sveitarinnar er að vinna að björgun manna og veita hvers konar aðstoð í neyðartilfellum þar sem þekking og búnaður sveitarinnar getur komið að notum og taka þátt í skipulögðu almannavarnastarfi.

### 3. grein

Einkenni.

Einkenni sveitarinnar er nafn sveitarinnar og fjallið Esja ásamt merki Landsbjargar. Allir fullgildir félagar sveitarinnar fá útgefin félagsskírteini. Á þau skal skrá: nafn, kennitölu, heimilisfang og gildistíma.

### 4. grein

Aðild að félagasamtökum.

Sveitin er aðili að Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, og skal í stefnu sinni og störfum fylgja stefnu þess.

### 5. grein

Réttindi og skyldur.

Félagar geta þeir orðið sem eru sjálfráða, hafa starfað með sveitinni og hlotið nýliðaþjálfun og staðist þær kröfur sem stjórn sveitarinnar setur hverju sinni. Stjórn sveitarinnar er heimilt að meta reynslu nýs félaga hafi hann starfað með öðrum björgunarsveitum.

Félagsaðild er ekki bundin við búsetu á Kjalarnesi.

Stjórn sveitarinnar sér til þess að félagar séu tryggðir eins vel og kostur er hverju sinni í störfum fyrir sveitina.

Allir kjörgengir félagar skulu vera jafn rétt háir til starfa í nafni sveitarinnar að þeim verkum sem færni þeirra og þekking leyfir.



# Björgunarsveitin Kjölur

## Lög Sveitarinnar

Félagar skulu bera einkenni sveitarinnar og önnur samþykkt einkenni við störf á vegum sveitarinnar.

Félagar skulu halda þau lög og reglugerðir sem samþykkt hafa verið af aðalfundi eða félagsstjórn.

Eignir sveitarinnar eru sameign félaga sveitarinnar og getur enginn einstakur félagi gert tilkall til þeirra.

### 6. grein

Brottvísun.

Brot á lögum þessum og reglugerðum sveitarinnar getur varðað brottvísun úr sveitinni að mati stjórnar. Vísa má slíkri niðurstöðu til úrskurðar sveitarfundar.

### 7. grein

Aðalfundur.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum sveitarinnar, en milli aðalfunda sérstök kjörin stjórn.

Kjörgengi á aðalfundi hafa allir fullgildir og virkir félagar og skal skrá yfir þá liggja frammi á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum.

Aðalfundur skal halda fyrir 30. apríl ár hvert og skal til hans boðað með dreifibréfi eða á annan tryggilegan hátt með minnst sjö daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef helmingur fullgildra félaga hið fæsta sækir fundinn. Ef aðalfundur telst ekki lögmætur, skal samstundis boðað til nýs fundar innan tveggja vikna, og telst hann þá lögmætur án tillits til þáttöku, ef réttilega er til hans boðað skv. framanskráðu.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi.

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Staðfesting á kjörgengi fundarmanna.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin.
4. Skýrsla stjórnar
5. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
6. Lagabreytingar
7. Tillögur sem borist hafa kynntar og bornar undir atkvæði.
8. Stjórnarkjör.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara til eins árs.
10. Önnur mál.



# Björgunarsveitin Kjölur



## Lög Sveitarinnar

Reikningsár sveitarinnar er almanaksárið.

Á aðalfundi skulu liggja frammi: Lög sveitarinnar, reglugerðir, tillögur sem leggja á fyrir fundinn og endurskoðaðir reikningar.

Félagi sem ekki hefur kjörgengi á aðalfundi hefur rétt til setu og framsögu á fundinum. Ef ekki tekst að ljúka afgreiðslu mála á aðalfundi sveitarinnar, skal boða til framhaldsaðalfundar. Dagskrá fundarins verði eingöngu um þau mál.

### 8. grein

Stjórn sveitarinnar.

Stjórn félagsins skipa sex fullgildir félagar, formaður og fimm meðstjórnendur. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Tveir meðstjórnendur skulu kosnir með formanni á tveggja ára fresti og skal kjörtímabil þeirra vera tvö ár. Þrír meðstjórnendur skulu kosnir þau ár sem formannskjör eru ekki og er kjörtímabil þeirra tvö ár. Stjórn skal kjörin af aðalfundi, bundinni kosningu með einföldum meirihluta atkvæða. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg ef þurfa þykir. Stjórn sveitarinnar skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef fjórir stjórnarmenn sækja fund hið fæsta. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

### 9. grein

Sveitarfundir.

Stjórn sveitarinnar skal boða til sveitarfunda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Til sveitarfunda skal boða á tryggilegan hátt með minnst einnar viku fyrirvara. Samþykktir gerðar á sveitarfundi þurfa samþykki meirihluta fullgildra fundarmanna. Stjórn er skylt að boða til sveitarfundar ef 10 fullgildir félagsmenn óska þess skriflega og tilgreina ástæður.

### 10. grein

Félagsslit.

Samþykki tveggja þriðju hluta fullgildra sveitarfélaga þarf til að hætta starfrækslu sveitarinnar. Skulu þá allar eignir hennar afhentar Slysavarnafélaginu Landsbjörg til vörslu, þar til stofnuð verður ný sveit á Kjalarnesi með sama tilgangi. Lög þessi eru samþykkt á auka aðalfundi sveitarinnar þann 09. September 2004 og öðlast þá þegar gildi. Lögum sveitarinnar verður ekki breytt nema á aðalfundi sveitarinnar og þarf 2/3 hluta atkvæða til lagabreytinga.

*Tók breytingum á aðalfundi 15. mars 2005, 28. mars 2007, 15. apríl 2009.*



# Björgunarsveitin Kjölnir



## Almennar Reglur

1. Félagar í Björgunarsveitinni Kili sýna góða hegðun í störfum og undir merkjumsveitarinnar og vanvirða á engan hátt sveitina eða markmið hennar. Neysla áfengis eða ólöglegra vímuefna í starfi sveitarinnar varðar brottvísun úr sveitinni sem og stórfellt gáleysi eða vanræksla um eignir sveitarinnar. Stjórn sveitarinnar er heimilt að veita undanþágu frá áfengisbanni þegar um er að ræða félagsstarfsemi td. skemmtikvöld.
2. Allir félagar skulu sinna kvaðningu til björgunarstarfa tafarlaust sé þess nokkur kostur. Þeim ber að hlýta boðum foringja sinna og leggja sig fram við að rækja hlutverk sitt sem best.
3. Félagar skulu fara eins vel og kostur er með húsnæði, tæki og búnað sveitarinnar. Félagi sem er falin umsjón með búnaði skal sjá um að sá búnaður sé ávallt í fullkomnu lagi og til reiðu í björgunarstöð. **Félagar skulu ávallt vera vel búnir til björgunarstarfa.** Stjórnendum sveitarinnar og flokkstjórum er heimilt að vísa félögum úr útkalli og frá æfingum séu þeir ekki í ástandi til eða útbúnir í samræmi við aðstæður.
4. Félagar eru ábyrgir fyrir eigin öryggi og mega aldrei taka óþarfa áhættu. **Félögum ber aldrei skylda til að leggja sig í lífshættu.**
5. Félögum ber að undirgangast trúnaðarskyldu um þau atriði og atvik sem eru metin sem slík.
6. Tækjum sveitarinnar stjórna ekki aðrir en þeir sem hafa réttindi til þess samkvæmt landslögum og hafa samþykki stjórnar til þess.
7. Fjölmiðlum skal vísa til stjórnenda sveitarinnar.
8. Stjórn sveitarinnar skal sjá til þess að útkalls- og búnaðarlistar séu ávallt í lagi og afrit sent Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu og svæðisstjórn. Félagar skulu tryggja að upplýsingar á útkallsskrá séu uppfærðar og réttar ss. símanúmer og heimilisföng.
9. Enginn getur stofnað til skulda á hendur sveitinni nema með samþykki stjórnar.

Þessar reglur taka þegar gildi.  
Kjalarnesi, 01.09.2004